

Ástand og saga Norður Atlantshafs þorsstofnanna

Guðrún Marteinsdóttir

Líffræðistofnun Háskóla Íslands, runam@hi.is

Alment má segja að sókn í flesta þorsstofna í Norður Atlantshafi hafi farið stigvaxandi frá miðbiki til loka síðustu aldar. Á sama tíma áttu sér stað miklar umhverfisbreytingar í Norður Atlantshafinu og er talið að þær hafi ásamt mikilli sókn valdið afgerandi breytingum á stærð og samsetningu stofnanna. Í dag eru flestir þorsstofnar í Norður Atlantshafinu ofveiddir og hafa áhyggjur manna af hugsanlegum breytingum á eiginleikum stofnanna aukist á síðustu árum. Í þessu erindi fjalla ég um stöðu þekkingar hvað varðar stofngerð sem og sögulegar breytingar í tengslum við aflabrögð, stofnstærð, stofnsamsetningu og nýliðun hjá þorsstofnum í Norður Atlantshafinu.